


4

FRIDUR





FRÆG FRIDARORÐ

Markmið

- + Að nemendur lesi, ígrundi og tjái sig um fræg orð nokkurra friðarsinna um frið.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni ígrunda nemendur ýmsar tilvitnanir um frið og deilulausn eftir fræga einstaklinga.

Skref 1 – Hugsa

Kennari byrjar á að útskýra verkefni tímans og markmið þess. Kennari afhendir nemendum tveimur og tveimur saman eina tilvitnun. Þörin byrja á að lesa tilvitnunina saman, spjalla um hana og skrifa hjá sér merkingu og þýðingu orðanna í sínum huga.

Skref 2 – Lesa og hlusta

Bekkurinn safnast saman. Hvert par les sína tilvitnun fyrir aðra í hópnum, ásamt hugrenningum sínum um hana. Hér skiptir virk hlustun öllu máli fyrir skref 3.

Skref 3 – Umræður

Eftir að hvert par hefur lesið upp sína tilvitnun er komið að hinum nemendum að tjá sig um það sem þau heyrðu.

Skref 4 – Skapa

Hér fá nemendur frelsi til að tjá það sem þau lærðu á fjölbreyttan máta (sjá afurð).

Afurð

Í skrefi 4 geta nemendur nýtt styrkleika sína og áhuga í lokaafurðina. Nemendur geta ýmist unnið einstaklingslega eða saman. Til dæmis má:

-
- + Teikna eða mála mynd sem passar við orðin eða manneskjuna sem sagði orðin.

 - + Búa til klippimynd sem tjáir kjarna orðanna.

 - + Búa til ljóð á grunni tilvitnunarinnar.

 - + Skrifa ígrundun, kynningu eða myndband, um orðin og manneskjuna sem sagði þau.

 - + Búa til sín eigin friðarorð.

 - + Sameiginlegt vegglistaverk nemenda með friðarorðum og mynd af friðarsinna.
-

Viðmið um árangur

-
- + Ég get lesið og túlkað ein fræg friðarorð.

 - + Ég get tjáð munnlega skilning minn á friðarorðum verkefnisins og rætt um þau við aðra.

 - + Ég get miðlað með skapandi hætti túlkun minni og skilningi á friðarorðunum.
-

Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar.

Tímarammi

3-6 kennslustundir

Undirbúningur

Kennari þarf að prenta út friðarorðin sem fylgja verkefninu og klippa niður til þess að afhenda nemendum.

„Ef þú vilt enda stríð, í staðinn fyrir að senda skotvopn, sendu bækur. Í staðinn fyrir að senda skriðdreka, sendið skriffæri. Í staðinn fyrir hermenn, sendið kennara.“ — **Malala Yousafzai**

„Ef þú vilt frið, talaðu ekki við vini þína. Talaðu við óvini þína.“ — **Desmond Tutu**

„Þú getur ekki tekist í hendur með krepptan hnefa.“ — **Indira Gandhi**

„Friður þýðir ekki engin ágreiningur; það verður alltaf ágreiningur. Friður þýðir að leysa ágreining með friðsamlegum leiðum; í gegnum samtal, menntun, þekkingu og af mannúð.“ — **Dalai Lama**

„Friður á sér stað þegar allt það besta sem við höfum, allt sem við erum, er lagt af mörkum til þess að skapa heim sem styður alla. En friður er líka að tryggja pláss fyrir aðra til að leggja af mörkum það besta sem þau hafa og sem þau eru.“ — **Hafsat Abiola**

„Ef þú vilt frið við óvin þinn verður þú að vinna með óvini þínum. Þá verður hann félagi þinn.“ — **Nelson Mandela**

„Friði er ekki haldið með valdi; friði er náð með skilningi“ — **Albert Einstein**

„Ekkert í lífinu er til þess að hræðast það, heldur til þess að skilja það. Núna er tíminn til þess að skilja meira, svo við megum hræðast minna.“ — **Marie Curie**

„Hafðu í huga að samfélag dæmist ekki út frá því hvernig hinir auðugu og þeir sem njóta forréttinda hafa það, heldur gæðum þess lífs sem er skapað fyrir hina vanmáttugu.“ — **Javier Perez de Cuellar**

„Ég sór að vera aldrei hljóður þegar fólk þylði þjáningu og niðurlægingu. Við verðum alltaf að taka afstöðu. Hlutleysi er þeim í hag sem kúgar, aldrei þolanda. Þögn styrkir kvalarann, aldrei þann sem kvelst.“ — **Elie Weisel**



NOKKUR ORÐ UM STRÍÐ OG FRÍÐ

Markmið

- + Að nemendur æfi fjölbreytta orðanotkun í skapandi skrifum.
 - + Að nemendur átti sig á þeim andstæðum sem stríð og friður eru.
-

Verkefnalýsing

Þetta verkefni er í fjórum hlutum og er mikilvægt að leggja vinnu og alúð í alla þætti þess.

1. Þú skrifar 6-8 sagnorð, 6-8 lýsingarorð og 6-8 nafnorð sem eru á einhvern hátt lýsandi fyrir frið og friðarástand. Settu svo niður jafnmörg orð sem eru á einhvern hátt lýsandi fyrir átök eða stríðsástand.
2. Notaðu orðasafnið þitt til að búa til tvö ljóð þar sem andstæðurnar milli stríðs og friðar koma fram. Ljóðin þín þurfa ekki að vera rímuð eða stuðluð en mega auðvitað vera það.

-
3. Veldu þér skapandi leið til að koma ljóðinu frá þér. Þú gætir t.d. gert myndskreytt veggspjald þar sem andstæðurnar koma fram, þú gætir samið lag við ljóðið, tekið upp myndbandsmyndskreytingu og tekið upp upplestur á ljóðinu yfir.
 4. Sýndu bekknum verkefnið þitt og segðu frá því.

Hafðu í huga

- + Góð ljóð eru oft með ríkulegu myndmáli þar sem einum hlut er líkt við annan eða dauðum hlutum gefnir mannlegir eiginleikar. Prófaðu að leika þér með það þegar þú skrifar ljóðin þín.
 - + Þú getur reynt að horfa inn á við og finna orð sem lýsa innri ókyrrð eða friði og reynt að yfirfæra þau á friðar- eða ófriðarástand, eða öfugt.
-

Verkfæri

- + Pappír og skriffæri eða tölvu.
- + Karton, skæri, litir og lím til að búa til veggspjald.
- + Tölvu, spjaldtölvu eða sími til að vinna margmiðlunarefni.
- + Annað efni sem gæti þurft eftir vali nemenda um skil.

Afurð

Nemendur hafa val um ýmsar skapandi leiðir til að skila af sér verkefninu.

Viðmið um árangur

- + Ég þekki ólíka orðflokka og get fundið fjölbreytt orð sem tilheyrja þeim.
 - + Ég get nýtt fjölbreyttan orðaforða til að skrifa blæbrigðaríkan texta.
 - + Ég nýti styrkleika mína og áhuga til að velja leið til að skapa afurð.
-



Hópastærð

Einstaklingsverkefni

Námsgreinar

Íslenska (málfræði), íslenska (ritun), listgreinar, upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

3-4 kennslustundir

Tilbrigði

- + Skoðið lög, ljóð eða texta sem aðrir hafa skrifað um stríð og frið.
- + Prófið að skrifa upp orðasöfn sem lýsa fleiri andstæðum sem hægt væri að nota sem myndmál fyrir stríð og átök annars vegar og frið hins vegar.
- + Hafið ljóðaupplestur í bekknum ykkar áður en þið byrjið að vinna að lokaafurðinni.



KYNNTU ÞÉR ÁTÖKIN

Markmið

- + Að nemendur kynni sér yfirstandandi stríðsátök í heiminum.
 - + Að nemendur opni augun fyrir því að víða í heiminum eru yfirstandandi stríðsátök með tilheyrandi mannfalli, eymd og óréttlæti.
-

Verkefnaýsing

Á vefnum globalis.is má finna lista yfir yfirstandandi stríðsátök í heiminum í dag. Veljið ykkur átaka-svæði til að lesa um og segja bekkjarfélögum ykkar frá. Lesið textann og bíðið til stutta kynningu þar sem þið reynið m.a. að svara eftirfarandi spurningum:

+ Hvar fara átökin fram?

+ Milli hverra eru átökin?

+ Hversu lengi hafa átökin staðið yfir?

+ Hvers vegna hófust átökin?

+ Hversu margir hafa fallið í átökunum?

+ Hvað hefur verið gert til að leysa vandann?

+ Hvað getum við gert til að leggja okkar af mörkum?

+ Hvernig er staðan í dag?

Reynið að finna nýlegar fréttir af átökunum sem þið eruð að kynna ykkur til að geta áttað ykkur á því hvað hefur gerst síðustu daga eða vikur. Reynið líka að setja ykkur í spor jafnaldra ykkar á hinu stríðshrjáða svæði og segið frá hvernig daglegt líf þeirra gæti verið.

Hafðu í huga

Stríðsátök eru ekkert gamanmál. Börn og unglingar sem búa við stríðsátök geta lifað í stöðugum ótta um líf sitt og fjölskyldu, heimili sitt og heimabæ. Þar sem stríðsátök hafa geisað lengi búa börn og unglingar oft við mjög skert réttindi, fá litla menntun og takmarkað athafnafrelsi. Við leggjum okkur því fram um að fjalla um viðfangsefni okkar af samkennd, nærgætni og virðingu.

Verkfæri

+ Nettengd tölva, glærugerðarforrit.

Afurð

Glærुकynning

Viðmið um árangur

+ Ég kynnti yfirstandandi stríðsátök fyrir bekkjarfélögum mínum.

+ Ég svaraði spurningum í verkefnislýsingu í kynningunni minni.

+ Ég átta mig á að í heiminum er margt fólk sem býr við flóknar og erfiðar aðstæður.



Hópastærð

Paraverkefni

Námsgreinar

Íslenska, erlend tungumál, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

4-6 kennslustundir

Tilbrigði

- + Reynið að setja ykkur í spor jafnaldra ykkar í landinu sem þið voruð að kynna ykkur og skrifið dagbókarfærslu þar sem degi í lífi unglings er lýst.
- + Búið til stórt heimskort, setjið á vegginn í stofunni ykkar og merkið inn staði þar sem átök geisa. Setjið stutta lýsingu á átökum á hvern stað. Fylgist með fréttum af átökunum og festið inn á kortið litla miða með gangi mála, QR kóða með hlekk á fréttirnar eða annað slíkt.



ÍMYNDAÐU ÞÉR

Markmið

- + Að nemendur kynnist tónlist og hugmyndum Johns Lennon um bræðralag og frið.
 - + Að nemendur velti fyrir sér hvernig efnahagur, trúarbrögð og landamæri eru manngerðar hugmyndir sem geta mögulega stuðlað að ófriði.
-

Verkefnalýsing

Í laginu Imagine söng John Lennon um ímyndaðan heim þar sem væru engin lönd, engin trúarbrögð og engar eignir. Þegar við værum laus við þessi atriði myndu íbúar alls heimsins lifa í friði og bræðralagi.

1. Hlustið á lagið og ræðið svo eftirfarandi spurningar í smáum hópum:

- + Hvernig geta lönd verið ástæða þess að fólk drepur og deyri?
 - + Hvers vegna eru landamæri? Hver ákveður þau? Getu þau breyst?
-

-
- + Hvernig hafa eignir fólks áhrif á lífsgæði og friðsæld í heiminum? En í heimalandi ykkar?
 - + Hefur það áhrif á frið í heiminum að sum lönd séu rík og önnur fátæk?
 - + Hvernig geta trúarbrögð stuðlað að ófriði? Þekkið þið dæmi um það?

2. Skriðið stutta sögu (a.m.k. 150–200 orð) þar sem þið skapið persónu sem vaknar í nýjum heimi þar sem einhverjar af hugmyndum Lennons, eða allar, hafa orðið að veruleika. Veltið því upp í sögunni hvernig heimurinn hefur breyst og hvernig þessi breytti heimur blasir við sögupersónunni.

Hafðu í huga

- + Leggið ykkur fram um að nota tungumálið og orðin ykkar til að sýna fólk, staði, tilfinningar, upplifanir og framvindu frekar en að segja frá.
- + Þið getið haft söguna ykkar í 1. eða 3. persónu; nútíð eða þátíð; í samtímanum, fortíðinni eða framtíðinni; á Íslandi, í útlöndum, í óræðum eða ímynduðum heimi. Ykkar er valið, en veltið þessu fyrir ykkur og takið afstöðu.

Verkfæri

- + Hljómflutningstæki, blöð og skrifæri eða tölva.

Afurð

Stutt saga.

Viðmið um árangur

- + Ég tók virkan þátt í umræðum um textann við Imagine.
- + Ég skrifaði sögu þar sem ég skapaði persónu, umhverfi og aðstæður sem sóttu innblástur í lagið.
- + Sagan mín veltir upp og svarar spurningum um draumaheim Lennons úr laginu.



Hópastærð

3-5 manna hópar í umræðum
Einstaklingar í ritun

Námsgreinar

Íslenska, listgrein (tónmennt),
samfélagsgreinar, upplýsinga-
og tæknimennt.

Tímarammi

2-3 kennslustundir

Tilbrigði

- + Búið til myndband við lagið þar sem þið sækid innblástur í efni og innihald textans við myndbandagerðina.
- + Skapið myndverk sem er innblásið af friðarorðum Johns Lennon.
- + Kynnið ykkur friðarsúlu Yoko Ono, ekkju Johns Lennon.
- + Kynnið ykkur tíðarandann á hippatímanum þegar lagið er samið, samfélagsleg átakamál og hugmyndir ungs fólks um heiminn og lífið.
- + Finnið fleiri lög sem fjalla um stríð og frið. Búið jafnvel til sameiginlega spilunarlista bekkjarins þar sem þið safnið þeim saman.



Í BAKPOKANUM

Markmið

-
- + Að nemendur geri sér grein fyrir hvaða veraldlegu eignum þeirra eru nauðsynlegar og skipta þau mestu máli.
 - + Að nemendur átti sig á því að jafnaldrar þeirra víða um heim hafa þurft að yfirgefa heimili sín og skilja allt sitt eftir.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni skaltu ímynda þér að ófriður eða náttúruhamfarir brjótist út í landi þínu þannig að þú og fjölskylda þín þurfið að yfirgefa heimili ykkar í snatri. Þú hefur ekki mikinn tíma til stefnu og þarft að velja hluti til þess að taka með þér. Eina plássið sem þú hefur til að koma dótinu þínu fyrir er einn bakpoki svo þú þarft að velja vel.

Gerðu lista yfir hlutina sem þú ætlar að setja í bakpokann þinn og skrifaðu 1-3 málsgreinar þar sem þú gerir grein fyrir því hvers vegna þú ákvaðst að taka þessa hluti með.

Hafðu í huga

Það sem þú velur að setja í bakpokann getur verið af ýmsum toga. Þetta geta verið persónulegir munir sem þér finnst erfitt að skilja við þig. Ef til vill er þó mikilvægara að huga að þeim hlutum sem eru gagnlegir eða jafnvel lífsnauðsynlegir fyrir öryggi þitt og fjölskyldu þinnar á meðan þið eruð á flóttu undan þeim hörmungum sem þið standið frammi fyrir.

Verkfæri

+ Tölva, snjalltæki eða blað og skriffæri.

Afurð

Listi með útskýringum.

Viðmið um árangur

+ Ég hef skilning á því hvaða veraldlegu hlutir eru lífsnauðsynlegir.

+ Ég geri mér grein fyrir því hvaða persónulegir munir hafa gildi fyrir mér og hvers vegna.

Hópastærð

Einstaklingsverkefni

Námsgreinar

Samfélagsgreinar

Tímarammi

1-2 kennslustundir

Tilbrigði

+ Þið gætuð viljað prófa að raða í bakpokann, koma með hann í skólann og sýna bekkjarfélögum og segja frá því sem þið völduð í hann.

+ Hægt er að taka ljósmyndir af hlutunum sem þið ákváðuð að setja í bakpokann ykkar og setja verkefnið upp sem glærusýningu eða ljósmyndabók og gera þannig grein fyrir því hvað þið völduð og hvers vegna.

+ Takið upp stutt samtal eða hlaðvarp í pörum þar sem þið ræðið innihald bakpokanna ykkar og gerið grein fyrir því hvað þið völduð og hvers vegna.

+ Svo getið þið skrifað flóttasögu fjölskyldu ykkar. Þar gerið þið grein fyrir því hvaða hörmungar þið þurftuð að flýja og undir hvaða kringumstæðum, hvað þið gátuð tekið með ykkur, hvernig ferðalagið var og flóttinn, hvað var erfitt, hvenær þið gátuð gláðst og hvernig vandi ykkar leystist.



RANGHUGMYNDIR UM RAUNVERULEIKANN

Markmið

- + Að nemendur kynnist algengum ranghugmyndum um stöðu ýmissa málaflokka í heiminum í dag.
 - + Að nemendur átti sig á að heimurinn hefur þróast í átt til aukinnar sjálfbærni á undanförunum áratugum.
 - + Að nemendur þjálfist í þýðingu úr ensku yfir á íslensku.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni fáið þið að kynnst vefnum gapminder.org. Á honum er að finna upplýsingar og leiðréttingar á því hvernig staða ýmissa mikilvægra mála er í heiminum í dag og hvernig þau hafa þróast á undanförunum áratugum. Efnið er sett fram í skemmtilegum spurningaleikjum og fræðslu sem byggð er á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

- Farið inn á vefinn og farið í gegnum [spurningaleikinn](#). Veljið ykkur a.m.k. 6–8 flokka og spreytið ykkur á spurningunum þar. Prófið að smella á „more“ á milli spurninga og lesið ykkur til um málaflokkinn.
 - Veljið 8–10 spurningar sem ykkur finnst áhugaverðar. Þýðið spurningarnar yfir á íslensku og setjið þær upp í rafrænan spurningaleik á því formi sem ykkur finnst skemmtilegt. Fáíð leyfi hjá kennara í yngri bekk til að leggja spurningaleikinn fyrir í tíma.
-

Hafðu í huga

Þegar við þýðum texta er þó alltaf best að treysta á eigin máltilfinningu þegar við skrifum textann á íslensku. Við getum nýtt þýðingarvélar og rafrænar orðabækur til að hjálpa okkur að þýða einstaka orð.

Reynum því að forðast að treysta um of þýðingarvélar á borð við Google Translate þótt þær geti verið gagnlegar til margra hluta.

Verkfæri

+ Nettengd tölva eða snjalltæki.

Afurð

Rafrænn spurningaleikur

Viðmið um árangur

+ Ég svaraði ýmsum spurningum um stöðu mála í ýmsum málaflokkum í heiminum í dag.

+ Ég þýddi valdar spurningar frá ensku yfir á vandaða og góða íslensku.

+ Ég bjó til rafrænan spurningaleik og lagði fyrir yngri nemendum.

Hópastærð

Paraverkefni

Námsgreinar

Íslenska, enska, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

4-6 kennslustundir

Tilbrigði

+ Lesið valda kafla úr bókinni Factfulness eftir Hans Rosling og ræðið innihald þeirra í bekknum.

+ Horfið á þennan TED fyrirlestur Hans Rosling. Ræðið innihald hans, hvort eitthvað kom á óvart og hvort annað var eins og nemendur bjuggust við.

Undirbúningur

Kennari gæti viljað ræða við nemendur um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, segja þeim frá hvað þau eru og hvers vegna þau séu mikilvæg. Það gæti verið góð hugmynd að horfa á TED fyrirlestur Hans Rosling (sjá „**Tilbrigði**“) og ræða hann áður en nemendur byrja að svara spurningum á Gapminder síðunni.



FÓLK Á FLÓTTA

Markmið

-
- + Að nemendur öðlist vitund um manneskjur sem neyðst hafa á flótta.

 - + Að nemendur fái innsýn í aðstæður fólks sem hefur flúið heimili sín vegna stríðs.

 - + Að efla samkennd, réttlætiskennd og samstöðu nemenda með fólki á flótta.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni horfið þið á stutta mynd sem sýnir viðtöl við fólk sem hefur neyðst á flótta vegna stríðsins í heimalandi sínu, Sýrlandi. Þið takið svo þátt í umræðum um myndina og vinnið að endingu hópverkefni.

Þið notið vef flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) til að afla upplýsinga um neyðarástand í einu landi þar sem fólk hefur verið þvingað á flótta. Svarið spurningunum sem þið skráðuð í ramma V í KVL töflunni ykkar ásamt því að svara eftirfarandi spurningum:

A. Hvaðan er fólkið að flýja og hversu margir hafa flúið ...

a. ... en eru innan landamæra landsins?

b. ... út fyrir landamæri landsins? Til hvaða lands?



C. Hvers vegna er fólk að flýja?

D. Hvernig flýr fólk?

E. Hvaða hópar á flóttu eru viðkvæmastir/berskjaldaðir?

F. Hvað er landið sem þú býrð í að gera til þess að hjálpa?

G. Hvað getum við gert til þess að hjálpa?

Þið megið velja á hvaða formi þið skilið verkefninu og kynnið fyrir bekkjarfélögum ykkar.

Hafðu í huga

Stuttmyndin REFUGE: Human stories from the refugee crisis.

Vefur flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Verkfæri

+ Tölva eða snjalltæki, skjávarpi/skjár og þau verkfæri sem verkefni nemenda kalla á.

Afurð

Frjáls afurð. Nemendur geta skilað hópverkefni t.d. sem myndbandi, veggspjaldi, upplýsingrafi, vef, hlaðvarpsþætti, hugarkorti, málverki, listaverki eða ritun.

Viðmið um árangur

- + Ég get tekið þátt í umræðum um aðstæður fólks á flótta í heiminum af nærgætni og virðingu.
 - + Ég get tjáð þekkingu mína og tilfinningar gagnvart aðstæðum fólks á flótta.
 - + Ég get aflað upplýsinga um neyðarástand á einum stað í heiminum og gert því skil.
-

Hópastærð

Einstaklings- og hóp-
verkefni (3-4 saman)

Námsgreinar

Íslenska, erlend tungumál,
samfélagsgreinar, upplýsinga-
og tæknimennt.

Tímarammi

3-4 kennslustundir


Verkefnalýsing

Látið nemendur fylla út svokallaða **KVL (Kann – Vil vita – Hef lært) töflu**. Nemendur fylla út ramma K og L áður en horft er á myndina en geyma ramma L þar til eftir að áhorfi lýkur. Nemendur gætu mögulega nýtt töfluna í hópverkefninu.

Undirbúningur

Áður en vinna við verkefnið hefst þarf að kynna nemendum viðfangsefnið. Kennari byrjar á að útskýra fyrir þeim að þau muni læra um fólk á flótta. Í dag eru um 82,4 milljónir manna um allan heim á flótta vegna stríðs, átaka eða mannréttindabrota. Stærstur hluti fólksins sem hefur flúið er frá einu landi, Sýrlandi, en einnig hafa milljónir flúið frá Venezuela, Afganistan, Suður-Súdan og Myanmar. Nýlega hafa íbúar Úkraínu neyðst á flótta vegna innrásar Rússa í heimaland þeirra.

Sem kveikju að verkefninu er horft á kvikmyndina Refuge og hún rædd í bekknum. Myndin sýnir viðtöl við fólk sem hefur flúið stríðið í Sýrlandi.

Í umræðum um myndina er gott að nota svokallað  **Höfuð** —  **Hjarta** —  **Samviska** aðferð þar sem umræðum um viðfangsefni myndarinnar og viðbrögð og upplifun nemenda er skipt upp með þessum hætti:



Höfuð: Hvaða upplýsingar fengu nemendur um stöðu flóttafólks?



Hjarta: Hvaða tilfinningar vöknuðu? Hvað hreyfði mest við nemendum?



Samviska: Hvaða spurningar um réttlæti, ranglæti og ábyrgð vakti myndin?

KVL skráningarblað nemanda

Nafn

Dagsetning

Námsgrein

Viðfangsefni

Það sem ég kann

Það sem ég vil vita

Lært og þarf að læra



HUG-TAKA-MYNDIR

Markmið

- + Að nemendur dýpki skilning sinn á hugtökum tengdum friði.
 - + Að auka orðaforða og hugtakaskilning nemenda.
 - + Að nemendur þjálfist í að tjá orð og hugtök á myndrænan hátt.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni æfir þú þig í að finna leiðir til að skapa ljósmyndir sem tjá og túlka hugtök tengd friði. Hugtökin sem þú tekur myndir af eru:

- | | |
|------------|----------------------|
| + Friður | + Samkennd |
| + Ofbeldi | + Friðsamleg menning |
| + Fordómar | + Ágreiningur |
-

+ Jafnrétti

+ Ógn

+ Óréttlæti

+ Hamfarir

+ Öryggi

+ Náungakærleikur

-
- a. Skrifðu hjá þér hvað orðin og hugtökin þýða. Veltu því fyrir þér hvernig þú gætir útfært þau og komið þeim til skila með ljósmýnd og skrifaðu hugmyndir þínar hjá þér. Hafðu orðin bak við eyrað í daglega lífinu næstu daga og gáðu hvort þú sjáir hluti eða staði sem veita þér innblástur eða hvort þú verðir vitni að atvikum sem þú tengir við hugtökin og getir náð myndum af.
-
- b. Veldu eina mynd tengda hverju hugtaki og finndu leið til að fullvinna þær, annaðhvort í appi eða tölvu.
-
- c. Settu myndirnar þínar upp í ljósmýndabók í umbrotsforriti, glærugerðarforriti eða ritvinnsluforriti.
-

Hafðu í huga

-
- + Orðin og hugtökin eru flest óhlutbundin þótt þau lýsi mörg einhvers konar atferli. Það getur þess vegna getur verið áhugavert að reyna að taka þessar ljósmýndir án þess að það sé manneskja á myndinni.
-
- + Leiktu þér með myndavélina og leyfðu þér að vera skapandi! Myndir sem eru dálítið skrýtnar eru oft miklu áhugaverðari og sterkari en þær sem eru venjulegri.
-
- + Prófaðu mismunandi stillingar og ólík sjónarhorn áður en þú velur hvaða mynd þú ætlar að nota.
-
- + Hugsaðu út í fókus og lýsingu.
-
- + Hugsaðu að myndbyggingu, það er hvar þú staðsetur myndefnið þitt í rammanum.
-



Verkfæri

- + Myndavél eða snjalltæki til að taka myndir.
- + Tölva eða snjalltæki til að fullvinna myndirnar og setja upp ljósmyndabók.

Afurð

Ljósmyndabók

Viðmið um árangur

-
- + Í ljósmyndabókinni minni er ein mynd fyrir hvert hugtak af listanum.
-
- + Myndirnar koma hugmyndum mínum um túlkun á hugtökunum vel til skila.
-
- + Myndirnar eru skýrar og vel unnar.
-
- + Ljósmyndabókin er snýrtillega upp sett.
-

Hópastærð

Einstaklingsverkefni

Námsgreinar

Íslenska, listgrein (sjónlistir)
samfélagsgreinar, upplýsinga-
og tæknimennt.

Tímarammi

4-6 kennslustundir
(auk ljósmyndatöku
utan skólatíma)